

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Matur, menning og myndlist

í Menntaskólanum á Tröllaskaga

Nafn skóla: Menntaskólinn á Tröllaskaga

Nafn verkefnisins: Matur, menning og myndlist

Nafn verkefnisstjóra: Ida Margurite Semey

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Aðalmarkmið verkefnisins er að efla hagnýtt læsi á öllum námssviðum. Með verkefninu er stefnt að því að samþætta tungumálanám, matreiðslu og listir. Tilraunir hafa verið gerðar í skólanum með matreiðslu í tungumálakennslunni á þessu skólaári og er mikill áhugi meðal nemenda.

Í Menntaskólanum á Tröllaskaga læra nemendur þrjú erlend tungumál: ensku, dönsku og spænsku. Spænska er eina þriðja málið sem kennt er í skólanum. Með því að tvinna saman tungumálanám og matreiðslu skapast kjöraðstæður. Nemendur nota erlenda málið til að lesa sér til um mat, afla heimilda um matarhefðir, sögu og uppruna hráefnis. Þá byggja þeir upp orðaforða, framreiða og skrifa um mat og annað tengt efni svo sem hráefni, framleiðsluleiðbeiningar, næringarfræði, o.s.frv. Matur er fullur af merkingu. Með því að velta fyrir sér eigin matarhefðum og matarhefðum framandi þjóða fá þeir innsýn í heimsmynd sína, lífssýn og listfengi. Matur mótar tilveru okkar, líkama, samfélag, hagkerfi, hugarfar og siðferði. Þegar nemendur elda framandi rétti geta þeir dýpkað skilning og umburðarlyndi þar sem matur er mikilvægur miðill í samskiptum okkar við annað fólk.

Markmiðið er einmitt líka að efla menningarlæsi nemenda þar sem unnið verður í því að lesa og rýna í framandi matarmenningu sem tengist t.d. ensku, dönsku og spænsku. Það er mikilvægur hlekkur í verkefninu þar sem aðgengi nemenda að framandi menningarheimi hér á Tröllaskaga er takmarkað.

Um leið og nemendur kynna sér framandi mat er einnig lögð áhersla á að rýna í framsetningu á mat í matreiðslubókum, tímaritum, listaverkum og á vefjum. Rýnt verður í myndefni þar sem matur er í brennidepli og markmiðið er að skoða framsetningu og menningarlegt gildi. Lögð verður áhersla á að efla myndlæsi og rafrænt læsi (skjálæsi) með því að vinna í framsetningu myndefnis á t.d. skjá og túlkun hennar þar sem nemendur þurfa að búa til myndefni (myndbönd, ljósmyndir, teikningar, málverk) sem notað er til að búa til t.d. blogg síðu eða rafræna matreiðslubók.

Markmiðið er því jafnframt að nýta sér áhugasvið og styrkleika nemenda með því að að læra tungumál og listir í gegnum matreiðslu. Áhugasvið nemenda er í fyrirrúmi og mun væntanlega gera tungumálanámið skilvirkara og vekja áhuga þeirra. Í Menntaskólanum á Tröllaskaga er allt námsefni sett á vef og nemendur vinna allt efni á vef. Það býður upp á marga möguleika á að vinna í rafrænum heimi þar sem eitt af því erfiðasta er að ná upp umræðu, virkri samvinnu og þekkingaruppbyggingu. Þá hefur reynst sérstaklega erfitt að fá nemendur til að æfa sig á erlendu tungumáli og vinna saman.

Í verkefninu verður leitast við að efla umræðu og samvinnu nemenda. Til þess verður stuðst við hönnunarmódel af námsefni á vef sem heitir "e-tivity" hannað af ástralska fræðimanninum Gilly Salmon. Módelið byggir á hugmyndum hugsmíðahyggjunnar og setur nemandann í brennidepil og lykilatriði í uppsetningu á verkefnum á vef eru hvatning til þátttöku og virkrar samvinnu og umræðu nemenda. Gert er ráð fyrir að setja upp verkefni á vef, en hugmyndin er að tvinna saman verklegt og bóklegt tungumálanám. Hugmyndin er að nota e-tivity líkanið sem ramma og innan þess að láta verklega og rafræna þætti tvinnast saman.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Áfanginn "Matur, menning og listir" var settur upp sem 1. þreps áfangi á vorönn 2016. Nemendur voru samtals 13 í áfanganum og var áhersla lögð á frumkvæði nemenda og skapandi lausnir á

viðfangsefninu. Endurspeglast það einnig í kennsluháttum, námsaðferðum, skipulagi og vali á viðfangsefnum. Meginhluti námsefnisins var sett upp í kennslukerfi skólans, þar voru öll fyrirmæli og upplýsingar um verkefni ásamt leiðbeiningum um hvernig nemendur áttu að finna skapandi lausn á viðfangsefnum.

Í gegnum verkefnavinnu og upplýsingaöflun komust nemendur að því að á svæðinu höfum við aðgang að ógrynni af ferskri matvöru og matvælaframleiðslu sem er eins og best verður á kosið. Farið var í heimsóknir til matvælaframleiðenda á svæðinu auk þess sem fólk í veitingageiranum var heimsótt og fengu nemendur fræðslu um hvað var í boði á svæðinu og hvaða matvælaframleiðsla er í gangi í nærumhverfinu eða svokallað “Local Food”. Nemendur fóru í ákveðna rannsóknarvinnu á “Slowfood” hreyfingunni, kynntu sér uppruna hennar, áhrif og í hvaða mynd þessi hreyfing birtist í nærumhverfinu. Nemendur söfnuðu saman þeim upplýsingum sem þeir öfluðu á bloggsíðu auk þess sem hver og einn nemandi setti upp Pinterest síðu þar sem haldið var utan um myndrænar upplýsingar.

Þá var samstarf við erlenda listamenn sem voru í heimsókn í Listhúsi Fjallabyggðar og kynntu þessir erlendu listamenn nemendum matarhefðir og menningu heimalanda sinna. Listamennirnir voru mættir til Fjallabyggðar til þess að taka þátt í Skammdegi Art Festival sem er árleg hátíð tónlistar, sjónlistar og blandaðrar tækni og er meginuppistaða þátttakenda alþjóðlegir listamenn. Það var algjör fjársjóður fyrir áfangann að hafa aðgang að þessum listamönnum sem voru afar áhugasamir um samstarf. Þetta var afar mikilvægur þáttur í að dýpka skilning og umburðalyndi nemenda gagnvart öðrum menningarheimum þar sem matur er mikilvægur miðill í samskiptum okkar við annað fólk og opnuðust þannig samskiptaleiðir milli nemenda skólans og listamanna sem heimsóttu samfélagið. Þeir sem komu, deildu list sinni og menningu ásamt því að elda með nemendum, voru Fernanda Ciego frá Brasilíu, Judy B frá Bandaríkjunum, Safia Sulaiman og Deanna Ng frá Singapore, Jade de Robles frá Spáni, og Banana Effect leikhópur frá Hong Kong. Þegar nemendur voru að vinna með þeim reyndist auðvelt að tala erlent tungumál þar sem allir voru að fást við að elda mat.

Á meðan á námi stóð voru nemendur duglegir að kynna afrakstur eldamennskunnar fyrir öðrum nemendum og starfsmönnum. Í lok annar voru nemendur með kynningar á þeirri frábæru framleiðslu sem þeir höfðu kynnt sér í nærumhverfinu auk þess sem við litum sérstaklega til matarmenningar Suður-Ameríku. Unnið var með hefðbundið íslenskt hráefni. Haldin var allsherjar matar- og menningarhátíð í skólanum þar sem nemendur elduðu úr hráefni héðan af svæðinu og útbjuggu Chilli Con Carne, djúpsteiktu rækjur, voru með matarprufur sem eiga rætur sínar að rekja til Suður Ameríku auk þess sem Torgið restaurant á Siglufirði bauð upp á Pizzur með Suður Amerísku ívafi. Áhersla var lögð á listræna framsetningu á mat og tengingu við stefnur og strauma í matargerð Suður-Ameríku. Myndlistarnemendur stilltu upp landslagsverkum í tengslum við viðburðinn og útbúin voru spjöld með þýðingum á heitum matartegunda á ýmsum tungumálum og fengu gestir viðburðarins að spreyta sig á nöfnum matartegunda. Hápunktur viðburðarins var heimsókn Edwin Zuriga sem er Quechua Indíani frá Bólivíu og hann blessaði skólann til heiðurs Pachamama eða Móður Jörð í menningu Quechua Indíána og hreinsaði skólann með reykgjörningi. Þessi blessun byggir á fornum sið. Edwin hélt svo fyrirlestur um lífshætti og menningu Quechua Indíána. ásamt mannfræðingnum Annie sem kom frá Danmörku

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Við náðum að halda okkur í meginatriðum við upphaflega áætlun en verkefnið þróaðist engu að síður í óvæntar og jákvæðar áttir og þá sérstaklega í gegnum samstarfið við erlenda listamenn sem voru við störf í Lifthúsi Fjallabyggðar. Nemendur unnu þó mikið með gagnaöflun í gegnum tölvur og að halda utan um upplýsingar á Pinterest og á bloggsíðu. Við notuðum ýmis tungumál en enduðum með að leggja áherslu á spænsku en ekki voru allir nemendur hins vegar búnir að fara í spænsku. Einnig notuðum við ensku mikið í rannsóknum og upplýsingaöflun.

Í verkefninu var leitast við að efla umræðu og samvinnu nemenda og þess vegna var reynt að nota "e-tivity" módelið þar sem byggir á hugmyndum hugsmíðahyggjunnar. Við vildum nota hugmyndina um að bjóða þátttakendum að „ganga um borð“ í fræðsluferð, hefja samstarf, samræður og vinna saman í ákveðnu námsferli. Gert var ráð fyrir að hannaðir yrðu svipaðir verkferlar en það reyndist okkur býsna flóki að fá það til að ganga upp, sérstaklega að tvinna saman rafrænt og verklegt fyrirkomulag og að leiða nemendur áfram. Við stöndum hins vegar uppi með ramma sem mun nýtast okkur í áfanga á vorönn sem heitir Matur og menning. Líta má á þann ramma sem afrakstur af þróunarvinnunni sem við fórum í á vorönn 2016 og fylgir hér með sem fylgiskjal.

Helstu hindrarnir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Það reyndist oft erfitt að fá nemendur til þess að opna sig og tjá sig um ólíka menningarheima og matarhefðir og hvað þá til þess að fást til þess að smakka framandi rétti en þetta átti þó eftir að breytast þegar á leið. Upphafið var erfiðara en við héldum og það reyndist dálítið erfitt að fá fólk „um borð“ í áfanganum. Við komumst að því að bein samskipti við erlent fólk sem kom sem gestir til okkar var besta aðferðin til þess að fá þá til að opna sig og vera ófeimnir í samskiptum. Það gerðist allt saman mjög náttúrulega í ferlinu að elda saman og borða saman. Spurning er hvort „ferðalagið“ sem við fórum með þeim í hafi verið þeim óljóst enda kannski miðað við annað þrep en það sem við vorum að fást við.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Nemendur höfðu bæði gagn og gaman af verkefninu og það mátti merkja mikla breytingu í afstöðu þeirra til ólíkra matar- og menningarhefða undir lok verkefnis. Það var afar jákvætt að upplifa samskipti nemenda við erlenda gesti okkar og sköpuðust mjög jákvæð samskipti þar á milli sem nemendur eiga eftir að búa að. Nemendur voru samt sem áður mjög spenntir fyrir matreiðsluþættinum sem þeir tóku þátt í af mikilli forvitni og ánægju og tímarnir í eldhúsinu urðu einskonar úrvinnsla af upplýsingasöfnuninni sem þeir voru búnir að vera í. Eining var svo gaman að sjá hvernig okkur tókst að búa til matar- og menningargjörning þar sem við komum þeim og öðrum nemendum skólans á óvart. Við teljum að ákveðin hugarfarsbreyting hafi átt sér stað. Áfanginn nýttist okkur einning í að búa til ramma eða verkferil utan um áfanga þar sem samtvinnuð er sambland af verklegt og bóklegt efni með mismunandi þættir svo sem matur, listir og tungumál. Við nýttum okkur e-tivities módelið og bjuggum til 7 vikna námsferil hægt er að endurtaka eða lengja fyrir heila önn. Ramminn fylgir sem viðhengi við umsóknin.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:

Hefur verkefnið, eða mun það hafa, áhrif á skólastarfið í heild?

Verkefnið hefur haft mikil áhrif á skólastarfið okkar. Það hefur sýnt sig að það að tvinna saman mat, listir og menningu við tungumál sem verkfæri, er að festa sig í sessi í skólanum. Nemendur eru spenntir fyrir að kynnast matarmenningu á mismunandi hátt, læra að bera virðingu fyrir framandi menningarheimum og hafa gaman af því að spá í listræna framsetningu á mat. Þeir hafa

gaman af að framreiða mat og velta fyrir sér hvernig hlutir eru gerðir og hvaðan ákveðnar hefðir koma. Svo virðist sem að þeir horfi jákvætt á nám með þessu sniði og lærdómsferlið var spennandi. Einnig urðu nemendur ómeðvitað leiknari við að nota erlend tungumál og mun betri í að tjá sig en þeir gerðu sér grein fyrir í upphafi.

Við teljum verkefnið hafi sýnt fram á að námsfyrirkomulagið og innihaldið efli menningarlæsi og virki hvetjandi og uppbyggilegt. Nemendur eru áhugasamir og keppast við að skrá sig í áfanganum.

Niðurstöður verkefnisins: T.d. eftirfarandi og/eða annað sem við á varðandi niðurstöður verkefnisins.

- *Yfirlit yfir það sem fram kom við framkvæmd verkefnisins.*
- *Náðust markmiðin? Hvað er til marks um það?*
- *Heldur verkefnið áfram innan skólans eða í öðrum skólum?*

Merkilegt er að nemendur sem hafa verið í þessum áfanga og einnig í áfanga sem kenndur var á undan virðast hafa lært að smakka mat, bera virðingu og eru orðnir vanir að smakka öðruvísi mat. Hluti þeirra fór með til Spánar og var brattur og ekki með nein vandamál þegar kom að því að smakka mat í framandi landi.

Í lok annar var lögð fyrir könnun, nokkrir nemendur voru hættrir í áfanganum og/eða skólanum en ljóst er að almenn ánægja var með áfanganum og að það sem upphaflega var markmiðið náðist. Annað sem kom fram var að nemendur voru ánægðir með innihaldið og fyrirkomulagið, einnig kom fram að framkvæmdin á upplýsingarsöfnunin hafi verið óljós og ekki alveg markviss. Við teljum einnig að menningarlæsi þeirra hafi aukist og eflst. Niðurstöður kannarinnar má sjá hér :

<https://docs.google.com/forms/d/1Tskm8uGQoVSVgzqYdzfAueq2u8-8XsLttTqLYvj5g/viewanalytics>

Verkefnið mun halda áfram í skólanum og áfanginn „matur og menning“ kominn til að vera. Í framtíðinni er hugmyndin að búa til 2. þreps áfanga þar sem nemendur vinna sjálfstæðar að því að tvinnu saman enn frekar tungumál, matarmenningu og listir og eru virkir í að skipuleggja innihald áfangans auk þess að fara í matar- og listaferð til útlanda.


Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Við höfum birt greinargerðir á vefsíðu skólans, haldin var sýning sem íbúar samfélagsins á Tröllaskaga voru duglegir að sækja. Við getum vel hugsað okkur að fara með erindi um hvernig til tókst með áfangann.

Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um

Við viljum þakka Sprotasjóði fyrir að styðja við þessa nýbreytni í kennslu í framhaldsskóla. Með tilkomu nýrrar námskrár hafa opnast fjölmörg tækifæri til þróunar í menntun og mikilvægt að hafa stuðning til að taka lokaskrefið.

Dagsetning: 7. des. 2016

A handwritten signature in blue ink, appearing to be 'Jón Sveinsson', written over a horizontal line.

Undirskrift verkefnisstjóra

A handwritten signature in black ink, appearing to be 'Lara Steinhilmarsson', written over a horizontal line.

Undirskrift skólustjóra ábyrgðarskóla

Rekstrarreikningur

MOME – matur , listir, menning

Kostnaðaliðir	Gjöld	Tekjur
Flugmiðar og gistingur (erlendir gestir)	Kr. 250.000	
Launakostnaður	Kr. 1.200.000	
Námskeið í Matargerð Ida	Kr. 25.000	
Vinna v/ þróunarverkefnisins	Kr. 600.000	
Rútuferð á Dalvík	Kr. 60.000	
Hráefni	Kr. 60.000	
Samtals	Kr. 2.195.000	
Styrkur frá Sprotasjóði		Kr. 1.500.000
Greitt af skóla		Kr. 695.000

